

FRAMHALDSSKÓLASÝNINGAR HAUSTIÐ 2023

REAR WINDOW, 11. SEPTEMBER KL. 14:15

EPLI ADAMS, 18. SEPTEMBER KL. 14:15

HEAVENLY CREATURES, 25. SEPTEMBER KL. 14:15

METROPOLIS, 2. OKTÓBER, KL. 14:15

FARGO, 9. OKTÓBER KL. 14:15

THE EXORCIST, 16. OKTÓBER KL. 14:15

VETRARFRÍ OG BARNAKVIKMYNDAHÁTÍÐIN Í BÍÓ PARADÍS

PARASITE, 6. NÓVEMBER KL. 14:15

PERSONA, 13. NÓVEMBER KL. 14:15

DRUK, 20. NÓVEMBER KL. 14:15

PULP FICTION, 27. NÓVEMBER, KL. 14:15

THE GRAND BUDAPEST HOTEL, 4. DESEMBER KL. 14:15



Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: oddnysen@gmail.com

*Vefsíða: Framhaldsskólasýningar í Bíó Paradís
<https://www.facebook.com/framhaldsskolasyningar>*



REAR WINDOW



TEGUND OG ÁR: Sálfræðilegur spennutryllir, 1954

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin.

LENGD: 112 mínútur

LEIKSTJÓRI: Alfred Hitchcock

LEIKARAR: James Stewart, Grace Kelly, Thelma Ritter

TUNGUMÁL: Enska með enskum texta

Alfred Hitchcock er einn mikilvægasti kvikmyndaleikstjóri sem uppi hefur verið, en hann lagði grundvöllinn að kvikmyndagerð eins og við þekkjum hana í dag.

Í *Rear Window* segir frá atvinnuljósmyndaranum L.B. Jeffries sem fótbrotnar þegar hann er að reyna að ná mynd í kappakstri. Hann er fastur í íbúð sinni í New York og stýttir sér stundir með því að horfa út um gluggann og fylgjast með nágrönnum sínum. Eina nóttina verðir hann vitni að atviki sem sannfærir hann um að nágranni hans hafi myrt eiginkonu sína. Enginn trúir honum, svo að Jeffries fær Lisu, kærustu sína og hjúkurnarkonu sína, Stelli til að hjálpa sér að rannsaka málið.

Ásamt *Psycho*, *Fuglunum* og *Vertigo* er *Rear Window* ein af frægustu myndum Hitchcock og Hitchcock notaði nýstárlegar aðferðir til að segja æsispennandi sögu sem hefur staðist tímans tönn.

EPLI ADAMS



TEGUND OG ÁR: Gamannmynd, drama, 2005

LENGD: 94 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Danmörk

LEIKSTJÓRI: Anders Thomas Jensen

AÐALHLUTVERK: Mads Mikkelsen, Ulrick Thomsen, Paprika Steen

TUNGUMÁL: Danska með enskum texta.

Í Eplum Adams segir frá dönskum sveitapresti sem tekur á móti föngum til að hjálpa þeim að aðlagast samfélaginu. Þegar nýnasisti er sendur til hans, fær presturinn hann til að sjá um eplatréð við kirkjuna sem er stolt staðarins og baka köku úr eplunum. En hlutirnir fara brátt úr böndunum því ekkert er sem sýnist á þessu einkennilega prestssetri.

Myndin sækir í Jobsbók úr Biblíunni sem fléttast við ýmis samfélags- og tilvistarstef, en hún hefur hlotið fjölda viðurkenninga, þar á meðal Bodilverðlaunin sem besta danska myndin 2006.

HIMNESKAR VERUR



TEGUND OG ÁR: *Leikin mynd byggð á sömnum atburðum, 1994*

LENGD: 99 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: *Nýja-Sjáland*

LEIKSTJÓRI: *Peter Jackson*

AÐALHLUTVERK: *Melanie Lynskey, Kate Winslet, Sarah Peirse*

TUNGUMÁL: *Enska með enskum texta*

Heavenly Creatures er byggð á sönnu sakamáli sem gerðist í Christchurch á Nýja-Sjálandi.

Unglingsstúlkurnar Juliet Hulme og Pauline Parker eru nánar vinkonur sem elska bókmenntir og fantasiur en þegar móðir Pauline reynir að koma í veg fyrir þráhyggjukennt samband þeirra, leggja þær á ráðin um að myrða hana. Myndin gerist á árunum 1952 til 1954.

Myndin var opnunarmynd kvikmyndahátíðarinnar í Feneyjum og hlaut Gullljónið 1994. Hún vakti mikla athygli, sér í lagi fyrir afbragðs kvikmyndatöku og góðan leik, en myndin kom Kate Winslet á kortið og var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir besta handritið.

METROPÓLIS



TEGUND OG ÁR: Vísindaskáldsögumynd, 1927

LENGD: 153 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: ÞÝSKALAND

LEIKSTJÓRI: Fritz Lang

ADALHLUTVERK: Alfred Abel, Birgitte Helm, Gustave Fröliche.

Metropolis þykir vera ein af mikilvægustu verkum þýska expressjónismans, tímabils sem hófst 1918 og stóð til 1933. Hún þykir ekki síður mikilvæg í kvikmyndasögunni sjálfri og er á Memory of the World hjá Lista- og menningardeild Unesco.

Myndin er spásögn af heimi 21. aldar þar sem yfirstéttin býr við öll þægindi í skýjakljúfaborg en lægri stéttin hefst við neðanjarðar í stöðugum þrældómi. Brátt tekur glundroðinn við fyrir tilstilli brjálaðs vísindamanns og vélmennis, en Fritz Lang reyndi að túlka þessa spásögn eða útópíu með ljóðrænum aðferðum sem þóttu mjög sérstakar á þessum tíma.

Flestar nútíma vísindaskáldsögumyndir og tölvuleikir eru undir sterkum áhrifum frá Metrópolis, en myndin er undanfari The Matrix, Blade Runner og 2001: A Space Odyssey.

FARGO



TEGUND OG ÁR: Drama, spennutryllir

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LENGD: 98 MIN

LEIKSTJÓRI: Joel og Ethan Coen

LEIKARAR: William H. Macy, Frances McDormand, Peter Stormare

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

Joel og Ethan Coen eru vel þekktir í kvikmyndaheiminum sem höfundaleikstjórar og yfirleitt gera þeir kvikmyndir í sameiningu. Að því leyti halda þeir uppi merkjum óháðra kvikmyndagerðarmanna og gera ekki formúlukenndar kvikmyndir að hætti Hollywood.

Fargo er ein þekktasta mynd Coenbræðra. Hún fjallar um Jerry sem vinnur á bílasölu tengdaföður síns og er í fjárhagsvandræðum. Til að koma sér úr klandrinu ákveður hann að fá tvo menn til að ræna eiginkonu sinni og krefjast lausnargjalds frá auðugum tengdaföður sínum.

Myndin var tilnefnd til sjö Óskarsverðlauna og hlutu Coenbræður verðlaunin fyrir besta frumsamda handritið og Frances McDormand fyrir besta leik í aðalhlutverki.

THE EXORCIST



TEGUND OG ÁR: Hrollvekja, 1973

LENGD: 121 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LEIKSTJÓRI: William Friedkin

AÐALHLUTVERK: Ellen Burstyn, Linda Blair, Max von Sydow

The Exorcist segir frá leikkonunni Chris, sem vinnur við tækur á kvikmynd í Washington D.C. Hún á tólf ára gamla dóttur að nafni Regan, en hegðun hennar breytist snögglega. Ungur prestur í háskóla skammt frá þarf að taka erfiða ákvörðun til að hjálpa veikri móður sinni og fer að efast um trú sína. Chris leitar til prestsins þegar hún hefur reynt allt til að hjálpa dóttur sinni og hann leitar til eldri prests sem telur sig þurfa að takast á við djöfulinn sjálfan.

Myndin er byggð á samnefndri skáldsögu William Peter Blatty sem kom út árið 1971, en hún segir frá bandarískum unglingi, Roland, sem var talinn ver andsetinn um miðja síðust öld. The Exorcist er löngu orðin klassísk hrollvekja, ein sú fyrsta sinnar tegundar, sem hafði gríðarleg áhrif. Myndin hlaut tvönn Óskarsverðlaun.

PARASITE



TEGUND OG ÁR: Drama, 2019

FRAMLEIÐSLULAND: Suður-Kórea

LENGD: 132 mínútur

LEIKSTJÓRI: Bong Joon Ho

LEIKARAR: Song Kang-ho, Sun-Kyun, Cho Yeo-jeong

TUNGUMÁL: Kóreska með íslenskum texta

Sótsvört gamanmynd, þriller og vinningshafi Gullpálmans á Cannes 2019!

Sníkjudýrin(Parasite) fjallar um bláfátæka fjölskyldu í kóreskri borg en einn daginn breytist allt þegarsonurinn fær vinnu við það að kenna unglingsstúlku ríkra hjóna.

Frá hinum margrómaða leikstjóra Bong Joon Ho (Okja, Snowpiercer) sem fjallar hér á listilegan hátt um stéttskiptingu í þessari stórkostlegu verðlaunamynd.

PERSONA



TEGUND OG ÁR: *Drama, 1966*

FRAMLEIÐSLULAND: *Svíþjóð*

LENGD: *84 mínútur*

LEIKSTJÓRI: *Ingmar Bergman*

LEIKARAR: *Liv Ullman, Bibi Anderson*

TUNGUMÁL: *Sænska með enskum texta*

Þekkt leikkona fær taugaáfall á miðri sýningu og neitar að tala. Eftir meðferð á geðdeild er hún send í sumarbústað á afskekktu eyju ásamt hjúkrunarfræðingi sér til heilsubótar. Hjúkrunarfræðingurinn reynir eftir megni að fá hana til að tala og brátt taka málin nýja stefnu.

Persona markar þáttaskil í ferli Ingmar Bergman og er talin með mögnuðustu og áhrifaríkustu verkum hans. Hann kafar djúpt í sálarlíf kvennanna beggja og tekur fyrir stóru spurningarnar um lífið, dauðann og allt þar á milli. Kvikmyndin er tekin á Farö þar sem Bergman setti stóra hluta verka sinna á svið.

DRUK



TEGUND OG ÁR: *Gamanmynd, drama*

FRAMLEIÐSLULAND: *Danmörk*

LENGD: *117 mínútur*

LEIKSTJÓRN: *Thomas Vinterberg*

LEIKARAR: *Mads Mikkelsen, Thomas Bo Larsen, Magnus Millang*

TUNGUMÁL: *Danska með íslenskum texta*

Fjórir vinir, sem allir eru menntaskólakennarar, ákveða að sannreyna kenninguna um að þeim muni ganga betur í lífinu ef þeir eru alltaf með örlítið áfengismagn í blóðinu. Þessi tilraun á eftir að hafa óvæntar afleiðingar og sýna þeim félögum nýjar hliðar á sjálfum sér sem þeir áttu kannski ekki von á.

Um er að ræða nýjustu mynd Thomas Vinterberg sem gerði Festen og Jagten. Hún skartar Mads Mikkelsen í aðalhlutverki. Myndin hlaut Óskarsverðlaunin 2021 sem besta erlenda mynd ársins.

PULP FICTION



TEGUND OG ÁR: Leikin mynd, 1994

LENGD: 155 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: BANDARÍKIN

LEIKSTJÓRI: Quentin Tarantino

AÐALHLUTVERK: John Travolta, Samuel L. Jackson og Uma Thurman

TUNGUMÁL: Enska með enskum texta

Pulp Fiction er talin með áhrifamestu kvikmyndum tíunda áratugs síðustu aldar. Hún var tilnefnd til sjö Óskarsverðlauna og hlaut Óskarinn fyrir besta handrit og Gullpálmann í Cannes.

Myndin fjallar um glæpamenn í Los Angeles, Jules (Samuel L. Jackson) og Vincent (John Travolta) en þeir eru skósveinar undirheimaforingjans Marcellusar (Ving Rhames). Í rauninni er þremur sögum fléttað saman í eina og myndinni skipt í fimm kafla í rangri tímaröð. Áhorfandinn þarf því að leggja dálítið á sig til að setja söguna saman í huganum og það er eitt af því marga sem greinir Pulp Fiction frá Hollywoodmyndum samtímans þar sem framvindan er fyrirsjáanleg.

THE GRAND BUDAPEST HOTEL



TEGUND OG ÁR: *Gamanmynd, 2014*

LENGD: *100 MIN*

FRAMLEIÐSLULAND: *Bandaríkin*

LEIKSTJÓRI: *Wes Anderson*

AÐALHLUTVERK: *Ralph Fiennes, F. Murray Abraham, Jude Law, Tilda Swinton*

TUNGUMÁL: *Enska með íslenskum texta*

Grand Budapest Hotel segir frá sérkennilegum hóteltjóra á frægu hóteli í Evrópu á fjórða áratugnum og vináttu hans við ungan starfsmann sem verður skjólstaðingur hans. Inn í frásögnina blandast átök við ríka fjölskyldu vegna erfðamála og stuldi á frægu málverki.

Wes Anderson er einn af athyglisverðustu kvikmyndaleikstjórum seinni nýbylgjunnar í Bandaríkjunum en hann hefur vakið athygli fyrir sérstæðan og persónulegan stíl og hefur gert myndir á borð við Fantastic Mr. Fox og Moonrise Kingdom.

Grand Budapest Hotel hlaut fjögur Óskarsverðlaun.

Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Framhaldsskólasýningar í Bíó Paradís

